



Bæjarráð Hafnarfjarðar  
B.t. formanns bæjarráðs  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 30. nóvember 2022.

### **Efni: Erindi Fimleikafélagsins Björk til bæjarráðs vegna húsnæðisvanda félagsins**

Fimleikafélagið Björk óskar eftir því að Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykki að hefja viðræður við félagið um lausn á húsnæðisvanda félagsins og framtíðar uppbyggingu nýs húsnæðis.

Vísað er til tölvupósts til bærarstjóra 26. September síðastliðinn og tölvupósts til íþróttafulltrúa, bærarstjóra og formanns bæjarráðs 4. október síðastliðinn. Einnig er vísað til kynninga á úreltri aðstöðu félagsins fyrir fulltrúa stjórnaráflokka fyrir kosningar í vor. Og að lokum er vísað til þinggerðar 52. þings Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, þar sem samþykkt var að hönnun og undirbúningur að nýrri aðstöðu fyrir Fimleikafélagið björk hefjist árið 2022. En jafnframt var samþykkt að forgangsverkefni væri að finna nýja aðstöðu fyrir dansíþróttir, en þannig má létta á húsnæðinu Fimleikafélagsins Björk til bráðabirgða.

Óskað er eftir því að Hafnarfjarðarbær hefji viðræður við Fimleikafélagið Björk sem allra fyrst og leitað verði allra leiða til að leysa húsnæðisvanda félagsins og stofnuð verði byggingarnefnd eða starfshópur með aðild Fimleikafélagsins Björk.

Meðfylgjandi þinggerð 52. þings Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Með von um gott samstarf við Hafnarfjarðarbær,

f.h. stjórnar Fimleikafélagsins Björk  
Hörður Svavarsson formaður.

Fylgiskjöl: <https://www.ibh.is/sites/default/files/Thinggerd%202021.pdf>